

Helstu niðurstöður úr samstæðuuppgjöri Flögu Group hf.

1. ársfjórðungur 2008:

- Tekjur námu USD 8,7 milljónum á fyrsta ársfjórðungi sem er 21% aukning miðað við sama tímabil fyrra árs.
- Framlegð nam USD 5,1 milljón á fyrsta ársfjórðungi samanborið við USD 4,4 milljónir á sama tímabili fyrra árs sem er 15% aukning.
- EBITDA framlegð á fyrsta ársfjórðungi nam USD 441 þúsund samanborið við USD 202 þúsund í neikvæða EBITDA framlegð á fyrra ári.
- Rekstrarkostnaður á fyrsta ársfjórðungi nam USD 5,2 milljónum samanborið við USD 4,9 milljónir á sama tímabili fyrra árs.
- Rekstrarhagnaður nam USD 204 þúsund í samanburði við rekstrartap að fjárhæð USD 514 þúsund á sama tímabili fyrra árs.

Lykiltölur úr samstæðuuppgjöri:

REKSTRARREIKNINGUR USD '000	1. ársfj.					
	1. ársfj.	1. ársfj.	2007	2006	2005	2004
	2008	2007	2007	2006	2005	2004
Rekstrartekjur	8.739	7.203	33.160	32.474	34.747	26.446
Kostnaðarverð seldra vara	3.671	2.811	14.056	13.168	12.760	9.614
Framlegð	5.068	4.393	19.105	19.306	21.987	16.832
Rekstrargjöld						
Sala á dreifingarsamningi	-339					
Sölu-, stjórnunar- og markaðskostnaður	4.757	4.331	17.728	17.062	18.476	14.760
Rannsóknar- og þróunarkostnaður	446	576	2.652	2.363	2.693	2.529
Kostnaður vegna skipulagsbreytinga			-96	267	2.059	
Samtals rekstrargjöld	4.864	4.907	20.284	19.692	23.228	17.289
Rekstrarhagnaður/(tap) EBIT	204	-514	-1.179	-386	-1.241	-457
Fjármagnsgjöld	-183	-228	-11.428	-890	-1.152	-56
Hagnaður (Tap) fyrir skatta	20	-742	-12.607	-1.276	-2.393	-513
Skattar	-115	137	-24	586	948	583
Hagnaður (tap)	-95	-605	-12.631	-690	-1.445	70
EBITDA	441	-202	127	1.001	668	765

EFNAHAGSREIKNINGUR

USD '000	31. mars	31. mars	31. des			
	2008	2007	2007	2006	2005	2004
Fastafjármunir	33.117	45.000	33.591	44.975	45.495	41.436
Veltufjármunir	15.001	16.157	14.348	17.149	16.259	15.619
Heildareignir	48.118	61.157	47.939	62.124	61.754	57.055
Eigið fé	27.154	39.611	27.425	40.213	40.953	37.553
Langtímaskuldir	2.879	3.863	3.312	4.287	7.044	9.586
Skammtímaskuldir	18.085	17.683	17.202	17.624	13.757	9.916
Eigið fé og skuldir samtals	48.118	61.157	47.939	62.124	61.754	57.055

LYKILTÖLUR

	31. mars	31. mars				
	2008	2007	2007	2006	2005	2004
Veltufjárhlutfall	0,83	0,91	0,83	0,97	1,18	1,59
Eiginfjárhlutfall	62%	65%	65%	65%	66%	66%

ÁRSFJÓRÐUNGSYFIRLIT

USD '000	1. ársfj.	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.	1 ársfj.
	2008	2007	2007	2007	2007
Rekstrartekjur	8.739	9.199	7.903	8.855	7.204
Kostnaðarverð seldra vara	3.671	4.638	3.162	3.445	2.811
Framlegð	5.068	4.561	4.741	5.410	4.393
Rekstrargjöld					
Sala á dreifingarsamningi	339	0	0	0	0
Sölu-, stjórnunar- og markaðskostn.	4.757	4.442	4.082	4.873	4.331
Rannsóknar- og þróunarkostnaður	446	736	622	719	576
Kostnaður vegna skipulagsbreytinga				-96	
Samtals rekstrargjöld	4.864	5.178	4.704	5.496	4.907
Rekstrarhagnaður (tap) EBIT	204	-617	37	86	-514
Fjármunatekjur/fjármagnsgjöld	-183	-11.103	-7	-90	-228
Hagnaður (tap) fyrir skatta	21	-11.720	30	-176	-742
Skattar	-116	175	-84	-252	137
Hagnaður (tap)	-95	-11.545	-54	-428	-605
EBITDA	441	-334	360	303	-202

Yfirlit starfseminnar

Árangur af endurskipulagningu Flögu heldur áfram að sýna sig með auknum vexti í tekjum Emblu með auknum samskiptum við dreifiaðila og með nýtilkomnum breytingum á endurgreiðslu kostnaðar af heimamælingum í Bandaríkjunum. Sleeptech heldur áfram að vaxa með þremur nýjum svefnmælingastofum utan sjúkrahúsa í Kaliforníu, Florida og Mississippi. Félagið hélt einnig áfram að undirbúa kynningu CPC tækninnar sem verður kynnt á viðskiptaráðstefnunni Svefn 2008 (Sleep 2008) sem verður í Baltimore Bandaríkjunum í júní. Félagið hefur sterka trú á því að þessi tækni valdi straumhvarfum í því hvernig horft verður á svefn og muni auka vitund og aðgengi að heimamælingum með þægilegri og einfaldari leiðum til svefnmælinga.

Stjórn félagsins hefur óskað eftir því við Nasdaq OMX Nordic Exchange á Íslandi að hlutabréf félagsins verði tekin úr viðskiptum í kauphöll á Íslandi. Þessar upplýsingar eru mikilvægar fyrir hluthafa og varða seljanleika hlutabréfa í félaginu. Afskráning hlutabréfa félagsins hefur þó ekki áhrif á rekstur félagsins til skemmri tíma.

Embla Systems

Í framhaldi að drögum reglugerðar Medicare og Medicaid (almannatryggingar Bandaríkjanna) varðandi aðgengi alls staðar í Bandaríkjunum hafa nokkrar svæðisskrifstofur kynnt ákvarðanir sínar opinberlega að þær muni halda áfram að styðja notkun tækja eins og Emblettu. Því miður virðist sem markaðurinn sé að bíða eftir að allar svæðisskrifstofurnar hafa gefið út álit sitt á hinum nýju reglum. Félagið gerir þó áfram ráð fyrir nýjum tækifærum á þessum markaði þó hann hafi ekki vaxið eins hratt og félagið hafði gert ráð fyrir.

Þróun CPC tækninnar heldur áfram og er nú að mestu lokið innleiðingu tækninnar inn í PSG svefnmælingatæki auk þess sem vinna við þróun vefsíðu og CPC tækis heldur áfram. Mögulegur markaður fyrir slíkt tæki sem greiningartæki er fyrir einstaklinga sem eiga við svefntruflanir að stríða (áætlað vera yfir 60 milljónir í Bandaríkjunum einum) og sjúklinga sem nú þegar nota öndunarþrýstítæki (CPAP – meðferðartæki fyrir kæfisvefn) (áætlað vera 13 milljónir í Bandaríkjunum einum) og eru undir litlu eða engu eftirliti, varðandi mælingum á gæðum svefns hjá og þar með meðferðarheldni. Tækið veitir félaginu tækifæri til að endurskilgreina hvernig svefngæði eru mæld og félagið telur að einkadreifingarsamningur þess muni veita umtalsverð ný tækifæri.

Félagið lauk við sölu á dreifingarsamningi fyrir ResMed á Íslandi á ársfjórðungnum. Ákvörðun um söluna var tekin í kjölfar þess að félagið lokaði höfuðstöðvum sínum á Íslandi og byggðist á því að dreifingu á ResMed vörum á Íslandi yrði betur borgið hjá fyrirtæki með starfsemi á Íslandi. Félagið hóf leit að aðila til að taka við dreifingarsamningnum sem var síðan tekinn yfir af Vistor sem er samhæft fyrirtæki í sölu og dreifingu heilsutengdra vara og lyfja á Íslandi.

SleepTech

Ári eftir að stefnu Sleeptech var breytt heldur félagið áfram að þróa vaxtarstefnu. Á hinu svokallaða þriggja fylkja svæði (Tri-State) í Bandaríkjunum heldur félagið áfram að auka umsvif sín með stækkun núverandi samninga og með gerð nýrra samninga. Utan svæðisins hefur Sleeptech nú hafið samstarf með læknum í Kaliforníu, gert samstarfssamning um nýja stöð í Mississippi og lokið við kaup á starfsemi í Florída. Þetta ásamt nokkrum öðrum breytingum hefur aukið umsvif Sleeptech í Bandaríkjunum og félagið mun halda áfram að vaxa með því að nýta tækifæri sem gefast á sívaxandi markaði svefnlækninga.

Félagið hefur trú á að nýtt endurgreiðslukerfi fyrir heimamælingar muni fjölga tækifærum á svefnmælingastofum þar sem margir sjúklingar með svefntruflanir munu fá aðgang að svefnmælitækni frá heimilislæknum sínum. Hjálpartækjafyrirtæki munu nýta endurgreiðslumöguleika til að þróa ávísanakerfi fyrir sjúklinga til heimamælinga sem mun auka vitund þeirra um svefnmælingar. Þeim sjúklingum sem mun ekki verða hægt að sinna með heimamælingum mun verða vísað til svefnmælingastofa. Niðurstaðan er að Sleeptech fagnar tilkomu heimamælinga sem viðbót við þjónustu sína.

Rekstur á fyrsta ársfjórðungi 2008

Tekjur Flaga Group á fyrsta ársfjórðungi 2008 voru USD 8,7 milljónir eða vöxtur um 21% samanborið við fyrsta ársfjórðung 2007.

EBITDA á fyrsta ársfjórðungi 2008 var jákvæð USD 441 þúsund eða 5,05% samanborið við neikvæða EBITDA USD -202 þúsund eða -2,80% á fyrsta ársfjórðungi 2007.

Rekstrarhagnaður (EBIT) var USD 204 þúsund á fjórðungnum samanborið við rekstrartap (EBIT) á fyrsta ársfjórðungi síðsta árs að fjárhæð USD -514 þúsund.

Efnahagsreikningur

Heildareignir voru í lok fyrsta ársfjórðungs 2008 USD 48,1 milljón sem er aukning um USD 179 þúsund frá árslokum 2007.

Eigið fé var USD 27,2 milljónir í lok fyrsta ársfjórðungs, samanborið við USD 27,4 milljónir í upphafi ársins. Eiginfjár hlutfall var 62% samanborið við 65% í árslok 2007.

Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri nam USD 1,0 milljón fyrir fyrstu þrjá mánuði 2008 samanborið við veltufé til rekstrar að fjárhæð USD -433 þúsund á síðastliðnu ári.

Framtíðarhorfur

Mikil samkeppni heldur áfram að einkenna markað svefnmælitækja. Félagið telur að það geti bætt samkeppnisstöðu sína á Bandaríkjamarkaði vegna breytingar á reglugerð fyrir heimamælingar og með kynningu CPC tækninnar á árinu 2008. Félagið mun halda áfram að byggja upp viðskiptatengsl við söluaðila Emblu víðsvegar um heiminn til að auka sölu félagsins og tryggja stöðu þess sem "viðmiðunarstaðall" fyrir svefngreiningartæki.

Félagið gerir ráð fyrir að styðja við starfsemi Sleetech utan svokallaðs þriggja fylkja svæðis (Tri-State area) í Bandaríkjunum með árangursríkri innleiðingu agaðra staðla félagsins auk þess sem horfið verður frá þeirri stefnu að þjónusta eingöngu sjúkrahús og byggð upp sambönd við lækna sem reka eigin starfsemi.

Sveiflur eru áfram fyrirsjáanlegar í náinni framtíð félagsins en það er staðföst trú yfirstjórnar Flögu Group að langtímahorfur félagsins séu traustar.

Frekari upplýsingar veita:

David Baker, forstjóri í síma +1 480 236 4705

Criss Sakala, fjármálastjóri í síma +1 303 962 1781